

Kæru félagar.

Ég heiti Gauti Sigurðsson og gef kost á mér í stjórn EFÍA.

Ég hef íhugað lengi að bjóða fram krafta mína til starfa í þágu EFÍA og hef nú ákveðið að láta slag standa og bjóða mig fram. Ástæður fyrir framboði mínu til stjórnar EFÍA eru þær að ég hef mikinn áhuga á lífeyrismálum og að tryggja hag okkar félagsmanna á sem bestan hátt. Sú reynsla sem ég bý yfir og tel að muni reynast mér vel í þágu EFÍA er úr fjármálum og fjárfestingum. Ég hef verið hluthafi og stjórnarmaður hinna ýmsu fyrirtækja og félaga á sviði verktaka-, byggingar, ferðaþjónustu og fasteignafélaga. Ég byrjaði ungur að taka þátt í rekstri fjölskyldu fyrirtækisins og fékk meðal annars að taka þátt í bókhaldi og fjárfestingum. Í ljósi þess sem ofan er talið og brennandi áhuga mínum að starfa fyrir ykkur kærú félagsmenn þá sækist ég eftir þínu atkvæði í stjórnarkjöri til setu í EFÍA.

Ég bý í Grafarholtinu ásamt eiginkonu minni Kolbrún Maríu og dætrum okkar þremur. Minn flugferill fer senn að fylla tvo áratugi en hann hófst hjá Flugfélagi Íslands árið 2005. Ári síðar hóf ég störf hjá Icelandair og hef starfað þar með hléum síðan. Eftir bankahrunið árið 2008 var ég svo lánsamur að komast í vinnu hjá Air Atlanta og var þar í eitt og hálfu ár. Við fjölskyldan stundum ýmist konar útivist en hestamennska og skíði spila þar stærstan sess. Ég á hlut í einkaflugvél af gerðinni C-172 á Selfossi sem ég nota því miður allt of sjaldan en stendur til bóta. Við elskum að eyða frídögum í sveitinni okkar fyrir austan fjall en þar erum við með aðstöðu fyrir hestana okkar.

Kær kveðja,

Gauti Sigurðsson

